



## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

### ***Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands varðandi sérkennslustjóra í leik- og grunnskólum***

Á fundi skóla- og frístundaráðs 27. júní 2022, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Sósíalístaflokks Íslands:

*Hversu margir skólar annars vegar og leikskólar hins vegar eru með sérkennslustjóra?*

**Svar:**

Sérkennslustjórar eru starfandi við alla leikskóla í Reykjavík í mismunandi starfshlutfalli. Úthlutun í stöðuhlutfall sérkennslustjóra byggir meðal annars á stærð leikskóla, fjölda barna og hvort að leikskólinn hafi sérstöðu gagnvart tilteknum hópi barna.

Í nýju úthlutunarlíkani grunnskóla Reykjavíkur er gert ráð fyrir sérstakri úthlutun vegna deildarstjóra stoðþjónustu og í hverjum grunnskóla er starfsmaður sem hefur það hlutverk að hafa umsjón með stoðþjónustu. Þessir starfsmenn geta haft starfsheitið deildarstjórar stoðþjónustu/sérkennslu, verkefnastjórar stoðþjónustu/sérkennslu en einnig eru dæmi um að aðstoðarskólastjórar gegni hlutverki deildarstjóra stoðþjónustu.